



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 27. apríl 2016

Tilvísun: 2016040225

Tilvísun yðar: 638. mál

Alþingi – nefndarsvið
b.t. umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Umsögn - Samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018

Í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 kemur fram að ríkislögreglustjóri beri ábyrgð á umferðareftirliti, þ.m.t. úrvinnslu gagna úr hraðamyndavélum. Varðandi það atriði er bent á að úrvinnsla gagna úr hraðamyndavélum er unnin af lögreglustjóranum á Vesturlandi. Einnig hefur innanríkisráðuneytið gert samning við þrjú lögregluembætti um sérstakt umferðareftirlit skv. 68. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem áður var sinnt af Samgöngustofu. Ríkislögreglustjóri er ekki aðili að þeim samningi. Ríkislögreglustjóri getur skipulagt og mælt fyrir um aukið umferðareftirlit í samvinnu við lögregluembætti landsins komi til þess sérstakar fjárveitingar.

Sé litið til áhersluatriða er lúta að umferðaröryggi er ljóst að hvað varðar framlög til löggæslu er fyrirsjáanlegt að þær fjárhæðir sem fyrirhugað er að veita til lögreglu vegna umferðaröryggisáætlunar á tímabilinu 2015-2018 muni duga skammt. Verður í þessu samhengi að líta til þeirrar auknu umferðar sem meðal annars leiðir af umtalsverðri fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi. Einnig er til þess að líta að ekki er til staðar sérstök fjárveiting vegna umferðaröryggisáætlunar fyrir árið 2016 en slíkri fjárveitingu hefur verið veitt til ríkislögreglustjóra undanfarin ár af fjárveitingum vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst,

Haraldur Johannessen / Páll Heiðar Halldórsson